

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

41. fundur Stjórnar BS bs. haldinn þriðjudaginn 12. júní 2019

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. í slökkvistöðinni í Sandgerði

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

- Staða byggingarframkvæmda.
 - Komið er nýtt tímaplan og kemur þar fram að áætluð lok eru 26. Feb. 2020. Það eru komnar súlur í bílasal og verður farið að reisa þær á næstu vikum. Unnið er við að slá upp burðarveggjum og burðarbitum á 2. hæð og undirbúa undirslátt stiga milli hæða.
- Staða fjármála.
 - Fjármál eru samkvæmt áætlun.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Námskeiðum í slökkvifræðum og sjúkraflutningum sem hafa verið frá áramótum er lokið og voru fjórir sem luku námi atvinnuslökkviliðsmanna, fjögur sem luku námi í EMT- Advance og tveir úr EMT – basic.
 - Borist hefur beiðni frá öryggisstjóra Þorbjarnar í Grindavík sem óskar eftir að BS taki að sér þjálfun sjómanna fyrirtækisins í reykköfun og slökkvistörfum um borð í skipum félagsins. Er verið að vinna kostnaðarmat á þessari þjálfun ef af samningi verður.
- Ársfundur BS bs.
 - Farið yfir dagskrá ársfundar sem verður kl. 17:00
- Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:50